

70

5. júní

Kostnaður við framkvæmd laga þessara greiðist úr ríkissjóði, að svo miklu leyti sem tekjur fjárhagsráðs hrökkva ekki til. Ef tekjuafgangur verður, rennur hann í ríkissjóð.

23. gr.

24. gr.

Fjárhagsráð hefur rétt til þess að ráða sérfræðinga og annað starfsfólk í þjónustu sína.

25. gr.

Með reglugerð setur ríkisstjórnin nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

26. gr.

Mál út af brotum á lögum þessum fara að hætti opinberra mála.

27. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 3 13. febr. 1943, um verðlag, lög nr. 62 27. nóv. 1944, um nýbyggingarráð, lög nr. 117 31. des. 1945, um breyting á lögum nr. 62 27. nóv. 1944, um nýbyggingarráð, lög nr. 91 30. nóv. 1945, um innflutning og gjaldeyrismeðferð, lög nr. 88 30. nóv. 1946, um breyting á lögum nr. 91 30. nóv. 1945, um innflutning og gjaldeyrismeðferð, og lög nr. 2 31. jan. 1947, um breyting á lögum nr. 91 30. nóv. 1945, um innflutning og gjaldeyrismeðferð, svo og önnur lög, er kunna að koma í bág við lög þessi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þegar lög þessi hafa öðlzt gildi, falla niður umboð nýbyggingarráðs og viðskiptaráðs og starfsmanna þeirra, þó ekki fyrr en ríkisstjórnin hefur skipað svo fyrir, og tekur fjárhagsráð þá við öllum eignum og verkefnum þeirra, sem þeim nú eru falin í ýmsum lögum.

Gjört í Reykjavík, 5. júní 1947.

Stefán Jóh. Stefánsson.

Jón Pálmason.

Jón Ásbjörnsson.

(L. S.)

Stefán Jóh. Stefánsson.

71

5. júní

L Ö G

um breyting á lögum nr. 62 30. des. 1939, um tollskrá o. fl.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallið á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

Á tollskránni í 1. gr. laganna eru gerðar þessar breytingar:

1. Nr. 20 í 15. kafla falli niður.

2. Nr. 21 í 27. kafla falli niður.

3. Nr. 3 í 28. kafla orðist svo:

3 — kolsýra

4. Nr. 30 í 28. kafla orðist svo:

30 — saltpétur (kalíumnítrat)

Toll-
eining

1 kg

—

Vöru-
magns-
tollur
Aurar

7

2

Verð-
tollur
%

30

8

	Toll- eining	Vöru- magns- tollur Aurar	Verð- tollur %	71 5. júní
5. Orðin „og perbóröt“ í nr. 38 í 28. kafla falli niður.				
6. Aftan við nr. 42 í 28. kafla komi nýr liður, svo hljóðandi: 42a Perbóröt og peroxyd	1 kg	7	8	
7. Nr. 60a í 28. kafla orðist svo: 60a Ester, etur og keton, sem notuð eru til upplausnar og mýkingar og talin eru í skrá, staðfestri af fjármála- ráðherra, einnig cyclohexan	—	7	8	
8. Í stað nr. 12 í 30. kafla komi tvö númer, svo hljóðandi: Bronslitir, ót. a.: 12 — duft	—	7	8	
12a — aðrir	—	7	20	
9. Í stað nr. 7—11 í 39. kafla komi tvö nr., svo hljóðandi: Hjólbarðar og slöngur á ökutæki: 7 — á bifreiðar og bifhjól	—	7	10	
8 — á önnur farartæki	—	7	10	
10. Nr. 4 í 40. kafla orðist svo: 4 — — Þilfarsplankar ófasaðir og fasaðir úr oregonpine og pitchpine 3×5" eða stærri tollfrjálsir				
11. Nr. 49 í 40. kafla orðist svo: 49 — húsgagnagrindur, ósamsettar, og einstakir húsgagna- hlutar, svo sem stólfætur	—	7	30	
12. Nr. 23 í 44. kafla orðist svo: 23 Vélabéttingar og pípur úr pappa og pappír	—	7	8	
13. Nr. 33 í 44. kafla falli niður.				
14. Í stað nr. 1—3 í 45. kafla komi: Bækur, blöð, tímarit og þess konar rit, ót. a., með fylgi- skjölum og viðaukum, prentuð eða ljósprentuð erlendis: — fyrir íslenzka útgefendur:				
1 — — bundið	—	2	25	
2 — — annað	—	2	15	
3 — annað tollfrjálst				
15. Nr. 4 og 5 í 45. kafla falli niður.				
16. Í stað nr. 9—11 í 45. kafla komi eitt númer, svo hljóðandi: 9 Landabréf alls konar, sjókort, stjörnukort og aðrir þess konar uppdrættir, ót. a. tollfrjálsir				
17. Í stað nr. 12—13 í 45. kafla komi eitt númer, svo hljóðandi: 12 Myndir til kennslu í náttúrufræði, landafræði, sögu o. þ. h., ót. a. tollfrjálsar				
18. Nr. 17 í 45. kafla falli niður.				
19. Nr. 20a í 45. kafla falli niður.				
20. Orðin „Áteiknaðir eða“ í nr. 42 í 52. kafla falli niður.				
21. Nr. 5 í 58. kafla orðist svo: 5 Granít- og marmaraplötur, sléttar eða slípaðar	—	7	30	
Aths. Ef þessar steintegundir eru einungis slípaðar á einni hlið og að öðru leyti aðeins sagaðar eða tilhöggnaðar, er heimilt að færa verðtollinn niður í 15%.				
22. Nr. 30 í 58. kafla orðist svo: 30 Skraut- og glysvarningur úr steini og steinkenndum efnum	—	120	80	
23. Nr. 17 í 60. kafla falli niður.				

71

		Toll- eining	Vöru- magns- tollur Aurar	Verð- tollur %
5. júní	24. Nr. 19 í 60. kafla orðist svo:			
	19 — annað	1 kg	2	10
	25. Á eftir nr. 23 í 63. kafla komi nýtt nr., svo hljóðandi:			
	23a Oliugeymar, sildaroliugeymar og aðrir slíkir geymar	—	2	8
	26. Nr. 52 í 63. kafla orðist svo:			
	Oliuofnar, gasofnar, oliuvélar og gasvélar	—	2	8
	27. Nr. 61 í 63. kafla orðist svo:			
	Kælikápar og kælikassar, ót. a.	—	2	8
	28. Nr. 3 í 66. kafla orðist svo:			
	Plötur	—	7	
	29. Nr. 14 í 71. kafla orðist svo:			
	14 Myndamót (clichéer)	—	7	30
	Aths. Af myndamótum (clichéer) skal ekki greiða verð- toll, ef þau eru lánuð eða leigð hingað til lands og endursend að notkun lokinni, enda fylgist tollyfir- völdin með því, að þau séu endursend.			
	30. Nr. 6—9 í 72. kafla orðist svo:			
	6 — kjötkvarnir, ót. a.	—	2	8
	7 — kaffikvarnir, ót. a.	—	2	8
	8 — þvottavindur og þvottarullur og hlutar til þeirra ..	—	2	8
	9 — annað	—	2	15
	31. Nr. 37—45 í 73. kafla orðist svo:			
	Búsáhöld og hlutar til þeirra:			
	37 — eldavélar og bökunarofnar	—	2	8
	38 — hitunar- og suðutæki, ót. a.	—	2	8
	39 — strauvélar	—	2	8
	40 — þvottavélar	—	2	8
	41 — hrærivélar	—	2	8
	42 — eldhúsvélar, ót. a.	—	2	8
	43 — kælikápar	—	2	8
	44 — bónvélar, ryksugur og loftræsar	—	2	8
	45 — önnur	—	2	15
	32. Nr. 20 í 77. kafla orðist svo:			
	20 — aðrir hitamælar, ót. a.	—	7	8
	33. Í stað nr. 8 og 9 í 82. kafla komi þrír nýir liðir, svo hljóðandi:			
	Tilbúin, mótanleg efni, búin til úr kaseíni, gelatíni, sterkju, fenólum, þvagefni, ftalsýru, efnum leiddum af sellulósa, og önnur þess konar mótanleg efni, ót. a.:			
	8 — í plötum og stöngum	—	7	15
	9 — fatnaður, nema skófatnaður	—	7	40
	10 — aðrar vörur, ót. a.	—	7	30

2. gr.

Á 2. gr. laganna eru gerðar þessar breytingar:

1. Aftan við g-lið komi ný málsg., svo hljóðandi:

Nánari skilyrði fyrir undanþágu þessari má setja í reglugerð m. a. um það, að hlutaðeigendur leggi fram skilríki fyrir tilskildri dvöl sinni erlendis og að þeir hafi raunverulega notað erlendis hina innfluttu muni, að þeir leggi fram skilríki fyrir búsetuheimild sinni hér og greiði gjald fyrir skoðun munanna. Þá

skal og heimilt að ákveða, að undanþágan taki aðeins til heimilismuna að til- 71
teknu verðmæti.

5. júní

2. j-liður orðist svo:

- j. Vörur, sem eru endursendar hingað frá útlöndum vegna þess, að þær seldust ekki þar, eða endursendar eru hingað af öðrum orsökum, enda séu færðar þær sannanir eða líkur, sem töllyfirvald tekur gildar, fyrir því, að um sé að ræða vörur útfluttar héðan. Skilyrði undanþágunnar er, að vörurnar komi hingað aftur innan árs frá því þær fóru héðan.

3. gr.

Á 3. gr. laganna eru gerðar þessar breytingar:

1. Fyrsta málsgrein falli niður.
2. Í stað orðanna „Enn fremur er fjármálaráðuneytinu heimilt“ í upphafi 2. málsg-
gr. komi: Fjármálaráðuneytinu er heimilt.
3. h-liður 3. gr. orðist svo:
h. Að undanþiggja hvers konar aðflutningsgjöldum hampgarn til veiðarfæra-
gerðar.
4. Á eftir h-lið greinarinnar komi fjórir nýir stafliðir, svo hljóðandi:
i. Að endurgreiða aðflutningsgjöld eða hluta af þeim af efni í umbúðir um
innlendar framleiðsluvörur, sem fluttar eru til útlanda til sölu þar.
j. Að endurgreiða aðflutningsgjöld eða hluta af þeim af umbúðum um inn-
lendar framleiðsluvörur, sem sendar eru til útlanda til sölu þar, og af vör-
um, sem notaðar eru í vörur þessar til þess að gera þær söluhafari eða til
þess að þær geymist betur.
k. Meðan heimilt er að hækka gjald af innlendum tollvörutegundum, sbr. nú
lög nr. 94 28. des. 1946, að hækka tilsvarendi aðflutningsgjöld af sömu vöru-
tegundum aðfluttum.
l. Að lækka eða fella niður aðflutningsgjöld af myndamótum, sem fréttá-
blöðin fá erlendis frá og þau eru áskrifendur að.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Með lögum þessum er úr gildi numin 3. gr. laga nr. 105 14. maí 1940, 3., 7., 17.
og 29. liður laga nr. 96 9. júlí 1941, það sem segir um nr. 60a í 17. lið laga nr. 56
4. júlí 1942, lög nr. 56 14. apríl 1943, og 20., 21., 37. og 38. liður og það, sem segir
um nr. 17 og 19 í 28. lið laga nr. 6 12. jan. 1945, um breyting á lögum nr. 62 30. des.
1939, um tollskrá o. fl.

Gjört í Reykjavík, 5. júní 1947.

Stefán Jóh. Stefánsson.

Jón Pálmason.
(L. S.)

Jón Ásbjörnsson.

Jóhann Þ. Jósefsson.